



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2022

PLVG1GR05

Kennari:	Sigurþór Leifsson	sigurthor@fsu.is	Sk.st.	SL
-----------------	--------------------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur geta óstuddir og hjálparlaust meðhöndlað og beitt helstu vélum og verkfærum sem notuð eru við plötusmíði. Mikil áhersla er lögð á öryggismál. Þeir geta smíðað einfalda gripi eftir nákvæmum teikningum, bæði í vélum og með handverkfærum.

Undanfari: Grunnskólapróf.

Þekkingarviðmið:

Að loknu námi í áfanganum skal nemandi hafa þekkingu og skilning á:

- Helstu verkfærum, tækjum og vélum sem notuð eru við plötuvinnu.
- Þeim öryggismálum sem tilheyra.
- Mismunandi gerðum þunnplátna eftir yfirborðshúð og áferð.
- Tæringavörnum, húðun og vinnsluáðferðum.
- Áhrif beyginga á stærð smíðisgripa úr málmplötum.

Leikniviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta:

- Ákvarðað efnisstærðir og þykktir með 0,1mm nákvæmni.
- Merkt upp einföld verkefni úr þunnplötum eftir vinnuteikningum.
- Valið handverkfæri til vinnu einfaldra verka.
- Valið beygjuklossa og stillt beygjuvélar m.t.t. efnisþykktar.
- Sett mismunandi smíðishluta saman með hnoðun, skrúfum og punktsuðu.

Hæfniviðmið:

- Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- Merkja upp og smíða einföld verkefni eftir vinnuteikningum.
- Beygja þunnplötur með 1 mm nákvæmni.
- Setja saman smíðishluta með punktsuðu, hnoðun og skrúfum.
- Klippa með hand- og vélklippum þunnplötur af nákvæmni.
- Velja handverkfæri til vinnu einfaldra hluta.

Verkefni annar:

Verkfærakassi

Viðgerðastykki í síls valsað og beygt.

Hornréttur rammi með styrktarspori og punktaður saman

Fagbókleg verkefni.

Námsefni: Plötuvinna eftir Þorbjörn Brynjólfsson**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
33	18-19. ágúst	Námsáætlun kynnt, farið yfir verkefni verkfæri og teikningar	
34	22-26. ágúst	Vinna á verkstæði við verkefni	
35	29. ágúst-2. sept	Vinna á verkstæði/ fagbóklegt	
36	5-9. sept	Vinna á verkstæði við verkefni	
37	12-16. sept	Fagbóklegt	Skil á unnum verkefnum
38	19-23. sept	Vinna á verkstæði við verkefni	
39	26-30. sept	Vinna á verkstæði við verkefni	
40	3-7. okt	Fagbóklegt	Skil á unnum verkefnum
41	10-12. okt 13-14. okt	Vinna á verkstæði við verkefni Vetrarfrí	Miðannarmat Vetrarfrí
42	17-21. okt	Vinna á verkstæði við verkefni	
43	24-28. okt	Vinna á verkstæði við verkefni	
44	31. okt-4. nóv	Vinna á verkstæði / fagbóklegt	
45	7-11. nóv	Vinna á verkstæði við verkefni	
46	14-18. nóv	Vinna á verkstæði við verkefni	

47	21-25. nóv	Vinna á verkstæði við verkefni	
48	28. nóv-2. des	Verkefna skil	
49	5-6. des	Frágangur og tiltekt	Síðustu kennsludagar

Sérreglur áfangans og námsmat:

Verkfærakassi	Nákvæmni smíði og samsetning	50%
Viðgerðastykki síls	Nákvæmni smíði	10%
Hornréttur rammi	nákvæmni smíði og samsetning	10%
Fagbóklegt	Verkefni úr bókinni plötuvinna og efnistaka smíðastykkis	20%
Umgengni og ástundun	Virki, áhugi og mæting	10%
Samtals		100%

Sérreglur áfangans:

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkfærakassa og skili fagbóklegum verkefnum.

Klæðast skal vinnuslopp í tímum og nota þær persónuvarnir sem við á hverju sinni.

ATH. Inniskór eða sambærilegur fótabúnaður er bannaður í tímum.

Nemendur fari að fyrirætlum kennara varðandi notkun snjallsíma

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss 16.08. 2022. Sigurþór Leifsson